

Fimmtudaginn 28. júní 2018, kom Fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar.
Var fundurinn haldinn á skrifstofu Húnavatnshrepps.

Fundurinn hófst klukkan 16:15

Mætt voru: Brynjólfur Friðriksson, Kristín Rós Sigurðardóttir, Þóra M. Lúthersdóttir, Jóhann Hólmar Ragnarsson, Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri, Kristín Jóna Sigurðardóttir og Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri
Erla Gunnarsdóttir, Þórunn Ragnardóttir og Ingvar Björnsson boðuðu forföll.

Einar Kristján Jónsson ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

- a. *Brynjólfur Friðriksson, aldursforseti nefndarinnar setti fundinn og lagði fram dagskrá.*

2. Kjör formanns:

- a. *Kosning fór fram um kjör formanns Fræðslunefndar 2018 til 2022.*
i. Brynjólfur Friðriksson hlaut 3 atkvæði, einn seðill var auður og er Brynjólfur því rétt kjörinn formaður Fræðslunefndar Húnavatnshrepps árin 2018 til 2022

3. Kjör varaformanns:

- a. *Kosning fór fram um kjör varaformanns fræðslunefndar 2018 til 2022.*
i. Þóra M. Lúthersdóttir hlaut 3 atkvæði, einn seðill var auður og er Þóra því rétt kjörinn varaformaður Fræðslunefndar Húnavatnshrepps árin 2018 til 2022

4. Kjör ritara:

- a. *Kosning fór fram um kjör ritara fræðslunefndar 2018 til 2022S*
i. Erla Gunnarsdóttir, hlaut 3 atkvæði, einn seðill var auður og er Erla því rétt kjörinn ritari Fræðslunefndar Húnavatnshrepps árin 2018 til 2022.

5. Ytra-mat Húnavallaskóla:

- a. *Ytra-mat Húnavallaskóla lagt fram til kynningar*
i. Skólastjóra falið að svara Mennta- og menningarmálaráðuneyti um hvernig brugðist verði við þeim tillögum og ábendingum sem fram koma í skýrslunni.

6. Læsisstefna grunnskólanna í Austur Húnavatnssýslu og Húnaþingi vestra, lögð fram til kynningar:

- a. *Læsisstefna grunnskólanna í Austur Húnavatnssýslu og Húnaþingi vestra, lögð fram til kynningar.*
- i. Fræðslunefnd samþykkir samhljóða Læsisstefnu grunnskólanna í Austur Húnavatnssýslu og Húnaþingi vestra.

7. Tillögur skólastjóra um ráðningu kennara við Húnavallaskóla:

- a. *Sigríður Aadnegard gerði grein fyrir umsóknum í auglýst störf í Húnavallaskóla:*

- i. *Alls bárust umsóknir frá átta (8) einstaklingum um þær stöður sem auglýstar voru.*

1. Þrjár (3) umsóknir bárust um umsjónakennarastöðu
2. Tvær (2) umsóknir um ensku kennslu
3. Tvær (2) umsóknir um íþróttakennarastöðu
4. Tvær (2) umsóknir um starf í leikskóla.

- ii. *Skólastjóri lagði til að eftirfarandi einstaklingar yrðu ráðnir í störf við Húnavallaskóla:*

1. Anna Margrét Arnardóttir verði ráðin í umsjónarkennarastöðu 100%. Anna, hefur mestu menntunina og lýkur Masterprófi í október næstkomandi.
2. Magnús Sigurjónsson verði ráðin í 12 tíma ensku kennslu (45% stöðu eða stundakennslu). Magnús hefur lokið B. Ed í grunnskólakennarafræðum 15 ára kennslureynsla.
3. Hafrún Ýr Halldórsdóttir verði ráðin í íþróttakennarastöðuna (70% staða). Hafrún hefur lokið B. Ed í grunnskólakennarafræðum, tekur hæfnispróf í sundi í næstu viku.
4. Bylgja Guðrún Brynjólfsdóttir verði ráðin í leikskólann. Bylgja Guðrún er með stúdentspróf og hefur starfað hjá okkur áður, góður starfskraftur.

- iii. *Fræðslunefnd samþykkir samhljóða framlagðar tillögur skólastjóra vegna ráðninga starfsmanna.*


1. Brynjólfur Friðriksson og Þóra M. Lúthersdóttir véku af fundi við afgreiðslu tillögu númer fjögur (4).


8. Önnur mál:


- a. Sveitarstjóri lagði fram fundartíma áætlun fyrir Fræðslunefnd til júní 2019.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 17:30



Brynjólfur Friðriksson



Jóhann Hólmur Ragnarsson


Sigríður Aadnegard


Einar Kristján Jónsson


Þóra M. Lúthersdóttir


Kristín Rós Sigurðardóttir


Kristín Jóna Sigurðardóttir